

**LÖG**

**um breytingu á lögum nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku,  
ásamt síðari breytingum.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „1983“ í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 83/1974 komi: 1984.

2. gr.

Í stað „1983“ í 16. gr. laga nr. 83/1974 komi: 1984.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 28. desember 1983.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Sverrir Hermannsson.*

**LÖG**

**um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til þess að afla innlends lánsfjár í samræmi við heimildir fjárlaga eða lánsfjárlaga hverju sinni er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að gefa út til sölu skuldarviðurkennningar ríkissjóðs í formi ríkisskuldabréfa, spariskírteina og ríkisvíxla.

2. gr.

Ríkisskuldabréf og spariskírteini má gefa út með verðtryggingu miðað við vísitölu sem fjármálaráðherra ákveður, gengi erlendra gjaldmiðla eða hin sérstöku dráttarréttindi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR). Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða lánskjör þessara bréfa og er ekki bundinn við almennar vaxtaákvörðanir Seðlabanka Íslands við þá ákvörðun.

Fjármálaráðherra getur ákveðið að gefa út ríkisvíxla sem greiðast skulu eftir ákveðinn tíma frá útgáfudegi, sem þó má ekki vera lengri en 12 mánuðir. Fjármálaráðherra getur ákveðið forvexti af vixlum þessum. Hann getur einnig ákveðið í stað forvaxta að vixlar þessir verði seldir á almennum markaði, þar á meðal samkvæmt tilboðum. Um vixla þessa skulu gilda almennar reglur laga um eiginvixla.